



## Fréttabréf Álfhólsskóla

2. tbl. Október – nóvember 2010

### 1. Skólastarfið

Skólabyrjun og skólastarfið hefur farið vel af stað. Myndir í Fréttabréfinu að þessu sinni eru frá hinum ýmsu viðburðum skólastarfsins en þær, og margar fleiri, má allar finna á heimasíðu Álfhólsskóla. (Sjá:

<http://www.flickr.com/photos/alfholsskolamyndir> ).

Unnið er að innleiðingu ýmissa verkefna í skólastarfinu. Meðal þeirra eru:

#### Læsi

Verkefnið „Læsi“ sem er unnið í samvinnu við Skólavefinn og fleiri grunnskóla er farið af stað í 2.- 7. bekk. Búið er að skipta í lestrarhópa innan árganga á yngsta stigi, þar sem unnið er með vixllestur, sögur og verkefni. Í lok nóvember fá foreldrar senda viðhorfskönnun þar sem þeir eru beðnir um að leggja mat sitt á verkefnið. Skapandi skrif er einn þáttur Læsisverkefnisins. Þau eru kennd í 3. – 7. bekk. Í skapandi skrifum vinna nemendur með ritun á fjölbreyttan hátt, s.s. gerð hugarkorta, bæði við sögugerð og heimildarvinnu og gerð eigin sögubóka.

#### Nám við hæfi

Þessa dagana er unnið að hópaskiptingu fyrir „Nám við hæfi“ í stærðfræði á miðstigi en búið er að skipta nemendum í 9. og 10. bekk í hópa.

#### Saman í sátt

Verkefnið „Saman í sátt“ er áætlun um góðan skólabrag ásamt forvörnum og viðbrögðum við einelti. Að undanförmu hefur stýrihópur verkefnisins kynnt verkefnið fyrir starfsfólki og unnið er að fyrsta „Saman í sátt“ degi skólans sem verður 24. nóvember.



Nemendur 5. bekkjar fengu kennaranema í heimsókn í október og skoðuðu sjávarfang

## 2. Þemadagar

Þemadagar voru dagana 15. og 16. nóvember. Nemendum á hverju stigi var skipt upp í hópa og unnið með íslensku á fjölbreyttan og skemmtilegan hátt.

Yfirheiti yngsta stigs var „Íslenska í öndvegi“. Þar var nemendum skipt í sextán hópa þvert á aldur þannig að blöndun árganga yrði sem mest. Allir nemendur fóru á fjórar ólíkar stöðvar, tvær á dag, þar sem m.a. var unnið með íslensk orðatiltæki og spakmæli, álfa og álfasögur. M.a. voru búinir til álfar, álfakirkja og álfhóll. Nemendur bjuggu einnig til minningarbók þar sem þeir skrifuðu kveðjur eða vísubrot hvert til annars og unnið var með söngva og vísur þekktra íslenskra höfunda, m.a. Jónasar Hallgrímssonar. Afrakstur þemadaganna er öllum sýnilegur á veggjum og göngum skólans.

Mið- og eldra stigi var einnig skipt upp í hópa á hvoru stigi fyrir sig þvert á aldur þannig að árgangar hvors stigs blönduðust. Unnið var með rapp, rímur, sögugerð, skapandi skrif, málshætti, myndagátur, mannanöfn, harmonikkusögur, íslenska matarhefð og margt fleira.



### 3. Stóra upplestrarkeppnin

Stóra upplestarkeppnin var sett í sal Hjalla 17. nóvember. Keppnin er fyrir nemendum í 7. bekk en nemendum 6. bekkjar var boðið á setninguna. Kórar Álfhólsskóla sungu og sigurvegarar aðalkeppninnar frá síðasta ári, þau Drin Bujupi, Særún Sigurpálsdóttir, Elísabet Ósk Bragadóttir og Anna Elísabet Sigurðardóttir, lásu upp valda texta fyrir áheyrendur. Nemendur í 7. bekk munu nú fara að æfa sig af fullum krafti fyrir aðalkeppnina. Sigurvegarar hennar (2 aðalmenn og 2 varamenn) munu keppa fyrir hönd Álfhólsskóla í lokakeppnin sem fram fer í Salnum í Kópavogi í vor. Álfhólsskóli státar af tveimur sigurvegurum lokakeppninnar frá síðasta ári, Önnu Elísabetu (2. sæti) og Elísabetu Ósk (3. sæti). Álfhólsskóli óskar 7. bekkjum og umsjónarkennurum þeirra góðs gengis með undirbúninginn.



Frá setningu upplestrarkeppninnar 17. nóvember

### 4. Samkeppni um merki Álfhólsskóla

Álfhólsskóli hefur ákveðið að efna til samkeppni um gerð merkis (lógo) fyrir skólann. Samkeppnin er opin öllum nemendum, starfsfólki og aðstandendum nemenda skólans.

Merkið verður eign Álfhólsskóla og þarf að uppfylla eftirfarandi kröfur:

- Vera einfalt.
- Hafa í sér að hámarki 3 lit.
- Vera prenthæft í einum lit (þó að það sé í fleiri litum).
- Geta staðið á mismunandi lituðum bakgrunni.



Bleiki dagurinn í Álfhólsskóla

Hafa þarf í huga að lógó er prentað á mismunandi hluti, t.d. bréfsefni, umslög, penna, boli, fána, bækur, sundpoka, töskur ofl. og þarf að taka sig vel út á þeim öllum.

Dómnefnd verður skipuð fulltrúum skólaráðs ásamt einum myndmentakennara skólans. Dómnefnd hefur leyfi til að ákveða hvort einhver af innsendum tillögum verður valin sem merki skólans eða hafna öllum tillögum ef hún metur þær ekki hæfar.

Samkeppnin stendur til þriðjudagsins **1. febrúar 2011** og verður vinningshafa veitt viðurkenning við hátíðlega athöfn þegar úrslitin verða gerð opinber.

## **5. Vinaverkefni í Álfhólsskóla**

### ***Vinaverkefni í Álfhólsskóla***

Álfhólsskóli er skóli án aðgreiningar þar sem unnið er markvisst að blöndun fatlaðra og ófatlaðra einstaklinga með það að leiðarljósi að báðir aðilar geti af hinum lært og notið góðs af. Nemendur, tveir og tveir saman, fá það verkefni að sækja og leika við einhverfan nemanda í frímínútum, eina viku í senn. Stundum er um að ræða jafnaldra, stundum eldri nemendur með yngri. Þetta verkefni hefur verið reynt áður og gefist mjög vel.

### ***Vinabekkir í Álfhólsskóla***

Í Álfhólsskóla eru skipulagðir vinabekkir milli árganga. Vinabekkirnir munu hittast við ýmis tækifæri, t.d. á „Saman í sátt“ – deginum 24. nóvember og í kirkjuferð í desember. Vinabekkjárgangarnir eru:

- 1. og 10. bekkur      4. og 8. bekkur
- 2. og 6. bekkur      5. og 9. bekkur
- 3. og 7. bekkur

### ***Mentorverkefnið Vinátta***

Álfhólsskóli er þátttakandi í mentorverkefninu Vinátta og eru tólf nemendur í 4. bekk þátttakendur í verkefninu þetta skólaár.

Mentorverkefnið Vinátta er samfélagsverkefni og er eitt meginmarkmið þess að háskóla- og framhaldsskólanemendur vinni að velferð barna og öðlist víðtæka reynslu í samskiptum við börn. Verkefnið byggist á samverustundum grunnskólabarna og mentora, um þrjár klukkustundir á viku, allt skólaárið. Mentorinn er allan tímann í góðu sambandi við umsjónarmann sinn og skilar m.a. til hans mánaðarlegu yfirliti um samskipti sín við barnið.





Grunnskólanemendur fá þannig tækifæri til að eiga góðar og lærdómsríkar samverustundir með fullorðnum einstaklingi utan fjölskyldu sinnar og háskóla- og framhaldsskólanemar fá tækifæri til að verða fyrirmyndir í lífi barna og öðlast innsýn í hugarheim barna á grunnskólaaldri. Nánari upplýsingar um verkefnið má finna á heimasíðu þess: <http://www.vinatta.is/>

## 6. Comeniusarferð til Frakklands

Víkuna 18. – 22. október fóru Rúna Björk Þorsteinsdóttir, umsjónarkennari 10.RÞ og Sigríður Bjarnadóttir, umsjónarkennari 9.SB ásamt 6 nemendum úr 10. bekk til Thouars í Frakklandi. Heimsóknin var hluti af Comeniusarverkefni sem skólinn tekur þátt í ásamt nemendum og kennurum úr þremur öðrum skólum, í Frakklandi, Noregi og Spáni. Verkefnið heitir Up and Sing og fjallar um unglunga, menningu, tónlist og tungumál. Í Frakklandi sömdu nemendur m. a. texta og tónlist. Sú vinna verður síðan hluti af lokaverkefninu, söngleik, sem settur verður upp í Noregi í maí næstkomandi. Ferðin heppnaðist í alla staði vel og nemendur Álfhólsskóla stóðu sig með mikilli þrýði og voru sjálfum sér og skólanum til sóma.



Myndir frá Frakklandsferð nemenda í Álfhólsskóla



## 7. Álfhólsskóli er skóli á grænni grein

Álfhólsskóli er nú formlega orðinn þátttakandi í umhverfisverkefninu „Skóli á grænni græn“ og er 167. skólinn sem skráir sig til þátttöku. Verkefnið er alþjóðlegt og er markmið þess að auka umhverfismennt og styrkja umhverfisstefnu í skólum. Þeir skólar sem vilja komast á græna grein í umhverfismálum leitast við að stíga „skrefin sjö“. Þau felast í markvissum verkefnum, bæði til kennslu í bekk og til að bæta

daglegan rekstur. Þessum verkefnum er m.a. ætlað að stuðla að innleiðingu skólans á raunhæfum aðgerðum í umhverfismálum. Þegar sjöunda skrefinu er náð fá skólarnir leyfi til að flagga Grænfánanum næstu tvö ár og fæst sú viðurkenning endurnýjuð ef skólarnir halda áfram góðu starfi. Grænfáninn er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákni um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum. Jafnframt sýnir reynslan í Evrópu að skólar sem taka þátt í verkefningu geta sparað talsvert í rekstri.

## 8. Hringekjur – samþætting listgreina

Unnið er með samþættingu list- og verkgreina í 5. bekk, svokallaðar hringekjur. Nemandur búa til leikrit í leiklistartímum sem þau flytja fyrir foreldra í lok annar. Tónlistarhópurinn flytur tónlist og leikhljóð í sýningunni, í textilmennt búa þau til sína eigin búninga, í smíði búa þau til landnámsspil og steypa tinskart á búninga, í myndmennt vinna þau leikmynd eftir þörfum og í heimilisfræði búa þau til mat sem talið er að landnámsmenn hafi borðað. Stefnt er að því að hafa opna sýningu/æfingu í lok allra lotanna í vetur og efna til sérstakrar landnáms hátíðar í maí.



*Frá landnámssýningu 5. bekkjar þann 12. nóvember sl.*

## 9. Stefnumótun Álfhólsskóla

Skólastjórar hafa í samráði við Gylfa Dalmann Aðalsteinsson, dósent við HÍ lagt línur um áframhaldandi vinnu við stefnumótun fyrir Álfhólsskóla.

Í nóvember mun starfsfólk skólans skoða í sameiningu stöðu hinna ýmsu verkefna sem skólinn vinnur að, s.s. Saman í sátt, Læsi, Nám við hæfi, samþættingu list- og verkgreina og fleira.

Í byrjun janúar er stefnt að vinnudegi starfsfólks þar sem unnið verður með gildi og greiningu á ytri og innri þáttum í starfsemi skólans (SVÓT).

Þann 14. mars verður efnt til sameiginlegs vinnufundar foreldra og starfsfólks um stefnumótun skólans.

## 10. Á döfinni

### **Saman í sátt**

Saman í sátt dagur verður 24. nóvember.

### **Dagur með bónda.**

Bóndi kemur í heimsókn í 7. bekk dagana 25. nóvember og 2. og 6. desember. Hann fræðir nemendur um bústörf og líf til sveita.

### **Slökkviliðið kemur í heimsókn**

Slökkviliðið höfuðborgarsvæðisins heimsækir 3. bekk 25. nóvember og fræðir nemendur um eldvarnir.

### **Tónlistakennaranámskeið í Álfhólsskóla**

Tónlistarkennarar verða með námskeið í skólanum 29. nóvember þar sem nemendur í 7. bekk verða þátttakendur. Námskeiðinu lýkur með tónleikum fyrir foreldra og aðra áhugasama kl. 13:00 í sal skólans í Hjalla.

### **Julefrokost 29. og 30. nóvember**

Nemendur í 10. bekk útbúa danskan julefrokost undir handleiðslu Sóleyjar Halldórsdóttur, dönskukennara. Efnt verður til fjölskylduveislu og kræsingarnar seldar enda hluti af fjáröflun nemenda.



Nemendur í 8. bekk í myndmennt fóru í heimsókn á Listasafn Reykjavíkur og skoðuðu Erró sýninguna með safnaleiðsögn

17. nóvember 2010

Sigrún Bjarnadóttir og Magnea Einarsdóttir  
Skólastjórar Álfhólsskóla